209. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma í Gufuneskirkjugarði

Fimmtudaginn 21. nóvember 2024.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins sem setti fund, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 13:10.*
2. *Fundargerð 208. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu – mál tengt frátöku leiðis.* Máli frestað.
4. *Kæra til kærunefndar jafnréttismála vegna ráðningar framkvæmdastjóra.* Ragnhildur kynnti drög að greinargerð kirkjugarðaráðs til kærunefndar jafnréttismála. Greinargerðin var samþykkt.
5. *Bálstofan í Fossvogi.* Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma (KGRP) hafa ítrekað vakið athygli stjórnvalda á því að í óefni stefnir ef starfsemi bálstofunnar leggst af. KGRP hafa rekið bálstofu í Fossvogi frá árinu 1948 og hefur þjónustan alla tíð verið gjaldfrjáls fólki sem búsett er á Íslandi. Um einu bálstofu landsins er að ræða og má því flokka hana sem hluta af grunninnviðum.
   Nú vofir yfir hætta á afturköllun starfsleyfis bálstofunnar. Alvarlegasti þátturinn er að ofnarnir standast ekki nútíma mengunarvarnarkröfur. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) hefur borist fjöldi kvartana frá íbúum og skólastofnunum í nágrenni bálstofunnar og hefur stofnunin gert alvarlegar athugasemdir við rekstur hennar. HER hefur borist á fjórða tug umkvartana frá nágrönnum er varða m.a. reykmengun sem leggst yfir svæðið. Ljóst er að ekki er hægt að bregðast við slíkum umkvörtunum nema með byggingu nýrrar bálstofu. Á síðasta ári voru lagðar 50 milljónir í endurbætur til að draga úr mengun og auka skilvirkni núverandi ofna en þær aðgerðir hafa dugað skammt, búnaður er einfaldlega of gamall. Í ljósi þessa hefur HER upplýst Kirkjugarða Reykjavíkur að stofnunin kunni að endurskoða starfsleyfi bálstofunnar sem var gefið út 10. júní 2021.

   Áætlanir gera ráð fyrir að bálfarir verði um 1200 í ár og þeim fari fjölgandi ár frá ári og verði orðnar um 3000 árið 2035. Ítrekað hefur verið bent á þörf fyrir endurnýjun bálstofu enda eru að verða tæpir tveir áratugir síðan ný bálstofa var teiknuð og lóð undirbúin við Gufuneskirkjugarð. Núverandi tekjur af bálstofu standa hvorki undir föstum kostnaði, fjármagnskostnaði né endurbótum á ofnunum. Ljóst er að ekki verður beðið lengur með að hefja byggingu nýrrar

bálstofu, enda tekur slíkt nokkur ár og óljóst er hve lengi núverandi ofnar endast eða hafa starfsleyfi.

Um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir sveitarfélögin í landinu. Þeim er skylt með lögum að láta ókeypis í té land undir kirkjugarða og eftir atvikum að kosta jafnframt framræslu og uppfyllingu landsins. Ljóst er að ef bálfarir leggjast af muni þörf fyrir landrými undir grafsetningar aukast verulega sem og afleiddur kostnaður vegna umhirðu kirkjugarða.

í ljósi þessa hvetur kirkjugarðaráð einróma til að tafarlaust verði fundin viðunandi lausn mála.

6. *Önnur mál.* Kirkjugarðasambandið fundaði í morgun, þar var rætt um að leggja til sömu hlutföll við skiptingu fjárveitingar ríkisins til kirkjugarða, þ.e. milli grafartöku, umhirðu, rekstur bálstofu og í varasjóð. Vænta má að tillaga þessa efnis muni berast frá sambandinu á fund kirkjugarðaráðs í desember nk.
7. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 19. desember kl. 11:00 í húsnæði Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma í Gufuneskirkjugarði.

Fundi var slitið kl. 15:07.